



18. apríl, 2018

Yfirlýsing frá Hundaræktarfélagi Íslands vegna lokunar starfsemi á Dalsmynni

Hundaræktarfélag Íslands er mótfallið starfsemi líkt og þeirri sem hefur verið rekið á jörðinni Dalsmynni í Kjós um árabil og fagnar þeirri ákvörðun MAST að stöðva hana á grundvelli laga um velferð dýra. Starfsemi svokallaðra hundaprangara og hvolpaverksmiðja (e. puppy farmers) er andstæða ábyrgðar hundaræktunar, en Alþjóðasamtök hundaræktarféлага skilgreina slíka aðila sem fólk sem rekur starfsemi þar sem hundar eru keyptir og seldir fyrir efnahagslegan ágóða og án þess þess að dýrin fái viðeigandi umönnun. Slík starfsemi er fordæmd hjá siðmenntuðum þjóðum og ætti ekki að líðast á Íslandi.

Hundaræktendur sem standa undir nafni, bera ávalt heilsu og vellíðan ræktunardýra og afkvæma þeirra fyrir brjósti. Ræktendur Hundaræktarfélags Íslands undirgangast vel skilgreindar lágmarkskröfur sem miða að því að tryggja þetta og ræktunin og val á nýjum eigendum byggir alltaf á því að hvolpurinn geti átt gott og ánægjuríkt líf til gagnsemi og gleði fyrir eigandann og samfélagið.

Fh. Hundaræktarfélags Íslands,

Herdís Hallmarsdóttir, formaður.

